

156. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 13.06.2023 kl. 14.00

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Gils Einarsson fjarverandi.

1. Ársskýrsla 2022

Eyjólfur fór yfir helstu þætti í ársskýrslu Fræðslunetsins fyrir 2022. Á árinu voru kenndar rúmlega 50.000 nemendastundir sem eru aðeins færri stundir en árið á undan en á móti er brottfallið minna. Sá merkilegi áfangi náðist á árinu 2022 að nú hafa fleiri en þúsund starfsmenn á Suðurlandi tekið þátt í greiningu fræðsluþarfa hjá Fræðslunetinu.

Stjórn Fræðslunetsins gerir ekki athugasemdir við ársskýrslu fyrir árið 2022.

2. Ársreikningur 2022

Máli frestað þar sem ársreikningur fyrir árið 2022 liggur ekki fyrir.

3. Bókhaldsþjónusta hjá Fræðslunetinu

Framkvæmdastjóri fór ítarlega yfir atburðarrás varðandi bókhaldsþjónustu og áhrif á bókhald og uppgjör fyrir árið 2022 hjá Fræðslunetinu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman kostnað Mundakots vegna bókhaldsvinnu fyrir árið 2022 og samþykkir að reikningur verði sendur á SASS fyrir þeim kostnaði sem hefur hlotist vegna afstemminga á ársreikningi 2022, sem bókhaldsþjónusta SASS náði ekki að vinna.

4. Önnur mál

- a. Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni.
- b. Erindi frá stjórn Háskólafélags Suðurlands þar sem óskað er eftir fundi með stjórn Fræðslunetsins og viðræður um mögulega sameiningu Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunetsins. Formaður stjórnar kynnti erindið lauslega og samþykkti stjórn að taka það til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður í haust.
- c. Stjórn fræðslunetsins samþykkir að fresta fundi **og** stefna að framhaldsaðalfundi Fræðslunetsins í ágúst þar sem ársreikningur fyrir árið 2022 verður tekinn til afgreiðslu.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi frestað kl. 15:10

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð